

4) Með tilvísan til ofanritaðs mótmæli ég, að hin umbeðna útburðargerð nái fram að ganga, enda krefst ég úrskurðar um efnið, ef eigi semst um það.

5) Ég krefst þess, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða mér að mati fógeta allan kostnað minn af gerð þessari.

Vatnsenda, 14. júlí 1969

Virðingarfyllst,

Margrét G. Hjaltested.

Til fógetaréttar Kópavogskaupstaðar“.

Álit réttarins:

Dómur Hæstaréttar frá 30. maí 1969, sem staðfestir úrskurð fógetaréttarins um útburð, er skilyrðislaus. Krafa gerðarþola er því fjarstæða.

Málskot frestar ekki framkvæmd útburðarins.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, setubæjarfógeti í Kópavogi, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hrundið er kröfu gerðarþola samkvæmt framansögðu.

Föstudaginn 3. október 1969.

Nr. 214/1968. **Valdimar Baldvinsson, umboðs- og heildverzlun**

(Ragnar Steinbergsson hrl.)

gegn

**Protabúi Kaupfélags Austfjarða**

(Árni Halldórsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Protabú. Riftun fjárnáms.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. október s. á. Krefst hann þess, „að staðfest verði gildi fjárnáms-

gerðar, sem fram fór í fúgetadómi Seyðisfjarðar hinn 15. febrúar 1968 í eignum Kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, til tryggingar dómskuld að fjárhæð kr. 368.828.94“, og svo að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram símskeyti frá bæjarfúgetanum á Seyðisfirði, dags. 30. f. m., svohljóðandi:

„Lausafé tekið fjárnámi 15/2 1968 af Valdimar Baldvinsyni, heildverzlun, hjá Kaupfélagi Austfjarða, var selt á nauðungaruppboði 18/4 1968 fyrir 336.000 krónur, sem geymdar eru hjá mér“.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 25.000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Valdimar Baldvinsson, umboðs -og heildverzlun, greiði stefnda, þrotabúi Kaupfélags Austfjarða, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 31. maí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 16. þ. m., er af stefnanda, Árna Halldórssyni hæstaréttarlögmanni f. h. þrotabús Kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, höfðað hér fyrir bæjarþinginu á hendur stefnda, Valdimar Baldvinsyni, umboðs- og heildverzlun, Akureyri, með stefnu, útgefinni í Reykjavík þann 30. apríl 1968, til riftunar á fjárnámssgerð vegna dómskuldar að fjárhæð kr. 368.828.94, sem fram fór í fúgetadómi Seyðisfjarðar hinn 15. febrúar s.l. í eignum Kaupfélags Austfjarða að kröfu hæstaréttarlögmans Ragnars Steinbergssonar f. h. stefnda og gert var til tryggingar skuld samkvæmt dómi bæjarþings Seyðisfjarðar, uppkveðnum 27. janúar 1968. Málið var þingfest hinn 14. maí s.l.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að framangreind fjárnámsgerð verði dæmd ógild, aflétt verði fjárnámi í öllum þeim eignum Kaupfélags Austfjarða, er stefndi lét gera fjárnám í, og þær afhentar þrotabúinu, enn fremur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda allan kostnað málsins, þar með allan kostnað við vörzluskipti á hinum fjárumdu vörum.

Af stefnda hálfu er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu að mati dómsins.

Dómurinn leitaði sátt í málinu án árangurs.

Umboðsmanni stefnanda var á skiptafundi í þrotabúinu, höldnum á Seyðisfirði þann 21. marz s.l., falið að fara með mál þetta fyrir hönd þrotabúsins, en fundurinn samþykkti að höfða mál til riftingar fjárnámsgerð þeirri, sem mál þetta fjallar um. Samkvæmt endurriti úr skiptabók Seyðisfjarðar (á dskj. nr. 4) var skiptafundurinn löglega boðaður — enda ómótmælt — og fjöl-sóttur af þeim, sem hagsmuna höfðu að gæta. Ráðstöfun fundarins á sakarefni þessu til málshöfðunar fyrir bæjarþinginu samkvæmt 30. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929 og val lögmanns er því lögmætt, enda þótt þeir kröfuhafar, sem stefna skyldi, undirrituðu bókunina með fyrirvara, en það voru stefndi í máli þessu og framkvæmdastjóri Kaupfélags Héraðsbúa, sem fundurinn einnig ákvað að stefna í sama skyni.

Málavextir eru þessir:

Með úrskurði skiptaréttar Seyðisfjarðar þann 8. marz s.l. var bú Kaupfélags Austfjarða tekið til skipta sem gjaldþrota eftir beiðni félagsstjórnarinnar.

Þann 15. febrúar s.l. var gert fjárnám í eignum kaupfélagsins til tryggingar dómskuld samkvæmt dómi bæjarþings Seyðisfjarðar þann 27. janúar 1968 að fjárhæð kr. 368.888.94 auk vaxta og kostnaðar.

Samkvæmt greinargerð stefnanda hefur skuldamáli þessu verið hraðað meira en algengt er, þar eð stefndi höfðar mál sitt þann 27. janúar 1968, eða röskum mánuði fyrir gjaldþrot kaupfélagsins, endurrit dóms er gert tveim dögum síðar, þann 29. janúar, og fjárnám fer fram á 17. degi frá útgáfu dómsendurrits. Bendi hraði þessi til þess, að skuldareigandi örvænti mjög um, hvort skuldari sé borgunarmaður. Bersýnilegt sé, að Kaupfélag Austfjarða átti ekki fyrir skuldum, er stefnt var í skuldamálinu, og allar líkur bendi til þess, að stefndi hafi a. m. k. óttast, að svo væri. Riftunarheimild 22. gr. gjaldþrotaskiptalag nr. 25/1929 virðist vafalaus í máli þessu.

Samkvæmt greinargerð af hálfu stefnda hófust viðskipti hans við Kaupfélag Austfjarða í febrúar 1967 og fóru fram reglulega fram í desember 1967. Allar kröfur og víxlar voru greiddir fram í nóvember 1967, en þá fór að bera á greiðsludrætti, og í desember og síðar voru víxlar ekki greiddir. Í desember s.l. fékk Kaupfélag Austfjarða vörur hjá stefnda að upphæð kr. 70.332.65 gegn loforði um, að 2 víxlar, sem þá voru í vanskilum, yrðu greiddir. Við það loforð var ekki staðið.

Var þá svo komið, að fjárhagur stefnda þoldi ekki þessi útlán, sem voru komin yfir kr. 400.000.00.

Þar sem samtöl stefnda við kaupfélagsstjóran þáru engan árangur, var ákveðið að fara til Seyðisfjarðar og fá kaupfélagið til að skila þeim vörum, sem hægt var að fá aftur. Það tókst að mestu að fá vörusendinguna frá því í desember aftur, og um leið var fenginn dómur fyrir föllnum en ógreiddum víxlum. Að liðnum aðfararfresti var óskað fjárnáms hjá dómþola til tryggingar dæmdum kröfum.

Í greinargerð er talið, að þessi hraði hafi alls ekki stafað af örvæntingu stefnda um, hvort Kaupfélag Austfjarða væri borgunarmaður, heldur hafi fjárnámið verið gert til þess að reyna að flýta fyrir greiðslum. Stefndi hafi tekið munina fjárnámi og látið taka þá úr vörzlu skuldara, til þess að skuldari hæfist handa um greiðslur.

Strax og fjárnámið hófst, hafi kaupfélagsstjóranum verið gefið fyrirheit um, að hinar fjárnumdu vörur yrðu ekki settar á uppboð, heldur yrði honum gefið tóm til þess að setja tryggingu fyrir dómkröfunum, þó þannig, að hluti skuldarinnar yrði greiddur strax, en afgangurinn á allöngum tíma, enda tryggður. Er fjárnámið var alllangt komið, var haldinn fundur með forráðamönnum Kaupfélags Austfjarða og þetta boð staðfest og boðið, að hinar fjárnumdu vörur skyldu vera í geymslu einn til tvo mánuði, á meðan væri verið að ganga frá öðrum tryggingum. Í greinargerð er talið, að á fundinum hafi verið talið líklegt, að hægt væri að setja tryggingu, eins og krafizt var, enda hafi þá ekkert legið fyrir um gjaldþrot félagsins.

Síðan segir í greinargerð stefnda:

„Það er ljóst núna, að félagið mun ekki hafa átt fyrir skuldum 1966“.

Í máli þessu er því af hálfu stefnda viðurkennt, að Kaupfélag Austfjarða átti ekki fyrir skuldum, þegar skuldamál hans var höfðað. Það er því engin tilraun gerð til þess að sanna hið gagn-

stæða, og er þar með uppfyllt það skilyrði 22. gr. laga nr. 25/1929 fyrir riftingu fjárnámsgerðar, að ekki verði sannað, að þrotamaður hafi enn átt fyrir skuldum, þegar skuldamálið var höfðað.

Í greinargerð stefnda er hins vegar talið, að stefndi hafi alls ekki haft neina ástæðu til að telja félagið gjaldþrota. Hann hafi ekki vitað til þess, að fyrirtækið hefði lent í neinum sérstökum erfiðleikum á árinu 1967, frá því viðskipti þeirra hófust, sem hefði riðið félaginu að fullu. Hann hafi ekki haft ástæðu til að ætla, að félagið ætti ekki fyrir skuldum í febrúar 1967 né í ársbyrjun 1968. Reikningar félagsins 1967 voru ekki til, og reikningum ársins 1966 var ekki haldið á lofti.

Fjárnámið hafi ekki verið ætlað til sölu við uppboð; þá hefði verið krafizt, að uppboðið yrði auglýst með viku fyrirvara, eins og lög um nauðungaruppboð heimila, og þá hefðu ekki getað myndast neinar deilur. Framkoma stefnda hafi sýnt vilja til að leysa málið og grunleysi hans um yfirvofandi gjaldþrot. Samkvæmt upphafi og endi 22. gr. laga nr. 25/1929 séu því skilyrði til riftunar fjárnámsins ekki fyrir hendi.

Loks er í greinargerð stefnda bent á, að hinir fjárnumdu munir hafi verið teknir úr vörzlum skuldara. Samkvæmt 50. gr., 1. mgr., laga nr. 19/1887 um aðför haldi fjárnámshafi rétti sínum, þótt skuldunautur verði síðar gjaldþrota, ef munir eru teknir úr vörzlum skuldara. Þetta sé meginregla og fram komi í 34. gr. skiptalaga nr. 3/1878 um stöðu skuldheimtumanna við bú í opinberum skiptum. Í 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887 sé undantekning um lausafé, sem haldizt hafi í vörzlum skuldara, sem verður gjaldþrota. Bent er á, að í Lagasafni frá 1965, dálki 2661, sé við þessa málgrein vísað til 22. gr. laga nr. 25/1929.

Rétt er að athuga þetta atriði á þessu stigi.

Í Lagasafni frá 1965, dálki 2741, er við upphaf 22. gr. laga nr. 25/1929 vísað til 50. gr. laga nr. 19/1887 allrar.

Í greinargerð telur stefndi, að riftingarheimild 22. gr. laga nr. 25/1929 eigi aðeins við fjárnumda lausafjarmuni, sem haldizt hafa í vörzlu skuldara, og í málflutningi hefur af stefnda hálfu verið haldið fram, að vegna vörzluskiptanna yfir hinum fjárnumdu munum haldist fjárnámsréttur hans þrátt fyrir gjaldþrot skuldara. Megi draga gagnályktun frá 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887, sem fjallar um fjárnumda muni, sem haldizt hafa í vörzlum skuldara, og eigi 22. gr. laga nr. 25/1929 aðeins við slíka muni.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram í þessu efni í málflut-

ingi, að lög nr. 25/1929 séu miklu yngri lög, og geti því ákvæði 50. gr. laga nr. 19/1887 ekki afnumið gildi þeirra. Greinin muni ekki hafa verið afnumin, m. a. vegna þess að hún hefur sjálfstætt gildi varðandi muni, sem haldizt hafa í vörzlum skuldara eftir fjárnám. Fjárnám í þeim falli af sjálfu sér niður við gjaldþrot, án þess að til riftunarmála þurfi að koma.

Að framanskráðu virtu verður að fallast á það, að 22. gr. laga nr. 25/1929 eigi við um fjárnám það, sem krafizt er riftunar á í máli þessu, hvað sem líður tilvísunum í Lagasafni milli laga-greina, sem skoða ber sem ábendingar ritstjórnar Lagasafnsins, e. t. v. um, að nokkurt ósamræmi kunní að vera milli hinna tilvísuðu ákvæða, en að þau hafi sjálfstætt gildi hvort um sig.

Stefndi hefur komið fyrir dóminn og gefið aðiljaskýrslu. Samkvæmt henni hófust viðskipti hans og Kaupfélags Austfjarða í febrúar 1967, og seldi hann félaginu ýmsar vörur, matvöru og hreinlætisvöru, og í framburði Birgis Hallvarðssonar, fyrrverandi kaupfélagsstjóra, kom fram — enda staðfest í málf lutningi — að allmikill hluti viðskiptanna var með fóðurvörur. Viðskiptin fóru þannig fram, að stefndi sendi vörur samkvæmt pöntun og sendi síðan um hver mánaðamót víxil til samþykktar fyrir úttekt hvers mánaðar, sem kaupfélagið endursendi síðan samþykktan. Stundum var upphæð skipt í 2 til 3 víxla, ef hún var mjög há. Í byrjun desember tók stefndi eftir því, að 2 víxlar frá 1. nóvember og 1. desember 1967, alls að fjárhæð kr. 100.567.40, höfðu ekki greiðzt á tilsettum tíma. Sama dag kom pöntun frá kaupfélaginu, og átti stefndi tal við þáverandi kaupfélagsstjóra, Birgi Hallvarðsson, sem lofaði greiðslu þessara víxla í síðasta lagi þann 23. desember 1967, en stefndi lofaði að afgreiða pöntunina með venju- legum greiðslufresti.

Milli jóla og nýjárs hafði engin greiðsla borizt, og átti stefndi þá tal við Birgi kaupfélagsstjóra, sem aðspurður tjáði honum, að hann hefði ekki sent greiðslu, það hefði staðið þannig á fyrir sér, að hann hefði ekki getað það, en rökstuddi það ekki frekar.

Hinn 5. janúar átti stefndi símtal við Ólaf Magnússon, sem þá var orðinn kaupfélagsstjóri, og innti hann eftir greiðslu, enda þá 3 víxlar til viðbótar gjaldfallnir. Ólafur tjáði stefnda, að hann mundi engar greiðslur inna af hendi, því að Kaupfélag Austfjarða ætti í miklum erfiðleikum vegna rekstrarfjárskorts, sem ekki yrðu gerðar raunhæfar ráðstafanir til úrbóta, fyrr en reikningar fyrir- tækisins lægju fyrir. Stefndi telur, að Ólafur hafi ekki talað neitt um, að útlitið væri „svart“ né að gjaldþrot væri yfirvofandi.

Seint í janúar s.l. fór stefndi til Seyðisfjarðar til þess fyrst og fremst að ná aftur vörum þeim, sem hann taldi, að sviknar hefðu verið út úr sér, og til þess að athuga um greiðslur á gjaldföllum víxlum. Hann náði vörunum, en kaupfélagið vildi ekki gefa nein ákveðin loforð um greiðslutíma. Hann telur, að enn hafi ekki verið minnzt á yfirvofandi gjaldþrot.

Mál var þá höfðað til greiðslu gjaldfallinna víxla, og er ekkert hafði verið minnzt á greiðslur að liðnum aðfararfresti, var hafizt handa um fjárnám til tryggingar dæmdum kröfum. Eins og áður getur, kom stefndi á fund með kaupfélagsstjóranum, stjórnarformanni, Gunnþóri Björnssyni, og Ólafi M. Ólafssyni stjórnarmanni, meðan á fjárnáminu stóð, og var rætt um að geyma hinar fjárnumdu vörur í 1 til 2 mánuði, en forráðamenn kaupfélagsins voru bjartsýnir á, að fram úr tímabundnum erfiðleikum yrði ráðið, en greiðsla til stefnda e. t. v. tryggð með ábyrgð Sambands ísl. samvinnufélaga.

Hinum fjárnumdu vörum var síðan komið í geymslu og þær vátryggðar og voru þar, er Kaupfélag Austfjarða lýsti sig gjaldþrota.

Stefndi telur, að enginn forsvarsmanna Kaupfélags Austfjarða hafi nokkurn tíma minnzt á möguleika á gjaldþroti félagsins, þvert á móti hafi sér verið marggefið í skyn, að um tímabundna erfiðleika hafi verið að ræða.

Fyrir dóminum gaf stefndi skýrslu þann 15. maí og svaraði nokkrum spurningum. M. a. taldi hann, að nær allir heildsalar seldu Sambandskaupfélögunum, ef þeir tryðu því, að þeir fengju örugga greiðslu. Ástæðan fyrir viðskiptum Kaupfélags Austfjarða við sig sé lægra flutningsgjald milli Akureyrar og Seyðisfjarðar en milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar. Hann kveðst ekki hafa vitað um, hvort reikningi Kaupfélags Austfjarða hjá S. Í. S. var lokað, þegar viðskipti þeirra áttu sér stað. Ekki kveðst hann hafa sent skriflega greiðsluáskorun, áður en málshöfðun hófst. Hann kveðst heldur ekki hafa kynnt sér efnahag félagsins áður, en lögfræðingur sinn hafi gert einhverjar athuganir á því. Öll viðskipti hafi farið fram gegn víxlum. Aðspurður kveðst hann ekki hafa þurft að viðhafa sams konar innheimtuaðferðir gagnvart öðrum viðskiptamönnum, því að enginn annar viðskiptamaður hafi sagt, að hann borgaði ekki fyrst um sinn, og þess vegna ekki þurft til slíks að koma.

Fyrir dóminn hafa komið sem vitni Ólafur Magnússon, síðasti

kaupfélagsstjóri Kaupfélags Austfjarða, og Birgir Hallvarðsson, kaupfélagsstjóri árin 1966 og 1967.

Um efnahag Kaupfélags Austfjarða í ársbyrjun 1968, er Ólafur Magnússon tók við kaupfélagsstjórarastarfinu, vísar hann til fundargerðar stjórnar kaupfélagsins þann 7. janúar s.l., en þar segir: „Kaupfélagsstjórinn skýrði stjórninni svo frá, að eftir að hann hefur kynnt sér rekstur félagsins og fjármál eftir því, sem fyrir lá, og þar sem fyrir liggur lokun vegna ógreidds söluskatts, að upphæð kr. 598.000.00, og útgáfa tékka, að upphæð yfir kr. 300.000.00 í óleyfðum yfirdrætti og með tilliti til rikjandi aðstæðna, þá taldi hann, að ekki sé réttlætanlegt að halda rekstrinum áfram, nema sérstakar ráðstafanir kæmu til“.

Þetta vitni þar einnig, að það hefði gefið umboðsmanni stefnanda eins og öðrum fleiri þær upplýsingar, að á meðan verið væri að framkvæma nánari athugun á fjárhag félagsins, væri ekki um að ræða að inna neinar greiðslur af hendi og teldi það, að útlitið væri „svart“. Nánar innt eftir því, hvað það ætti við með þessu, svaraði það, að það ætti einkum við, að um rekstrarfjárskort hafi verið að ræða og þar af leiðandi enga greiðslugetu, en varðandi eignamat gæti ætíð verið matsatriði. Varðandi innheimtutilraunir stefnda minntist þetta vitni ekki að hafa fengið skriflega innheimtu frá honum, en minnst nokkurra símtala. Það kveðst hafa gefið stefnda sama svar og öðrum, að ekki yrði um greiðslur að ræða, fyrr en fyrir lægju nánari upplýsingar um efnahag félagsins. Það minnst þess ekki, að það hafi gefið stefnda í skyn, að félagið ætti ekki fyrir skuldum eða að hætta væri á, að það væri „farið yfir“. Það telur sig hafa gefið stefnda sömu svör og öðrum, að útlitið í fjármálum Kaupfélags Austfjarða væri „svart“. Þó minnst það þess ekki sérstaklega um viðtöl við stefnda, en þetta var svar, sem það gaf yfirleitt.

Vitnið Birgir Hallvarðsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri, upplýsir, að reikningsviðskiptum við S. Í. S. var lokað, áður en það tók við kaupfélagsstjórninni. Viðskipti voru við birgðastöð S. Í. S. gegn víxlum, en slitnaði þó upp úr þeim á milli. Upphaflega hófust viðskipti við stefnda vegna þess, að næst var í skipsferð frá Akureyri, er panta þurfti vörur. Það upplýsir, að aðalforstjóri S. Í. S. átti viðtal við það í apríl—maí 1967 og kvað S. Í. S. ekki geta aðstoðað Kaupfélag Austfjarða vegna eigin erfiðleika, enda rengdi hann reikninga kaupfélagsins fyrir 1966, taldi t. d. rýrnun vörubirgða of lágt talda. Vitnið taldi skýrslu stefnda á dskj. nr. 10,

það sem að því snýr, yfirleitt rétta og upplýsir loks aðspurt, að Kaupfélag Austfjarða hafi verið hætt að geta staðið við skuldbindingar sínar að fullu á réttum gjalddögum, áður en það tók við kaupfélagsstjórástarfinu í ársbyrjun 1966, en það hafi ágerzt síðari hluta 1967. Það telur þó, að skuldir hafi ekki aukizt verulega á árunum 1966 og 1967, en þær hafi færzt á færri hendur.

Í dómnum eru fram lagðir efnahagsreikningar Kaupfélags Austfjarða pr. 31/12 1966, 31/12 1967 og 18/4 1968.

Sýna reikningarnir skuldir umfram eignir 31/12 1966 kr. 4.889.564.22, en eigið fé talið til skulda kr. 1.009.144.81.

Skuldir umfram eignir 31/12 1967 kr. 6.420.321.03 og eigið fé talið til skulda kr. 1.009.144.81.

Skuldir umfram eignir 18/4 1968 kr. 6.663.033.98, en eigið fé talið til skulda kr. 1.009.144.81.

Fasteignir eru 31/12 1967 og 18/4 1968 taldar kr. 4.179.449.00, en fram er lagt vottorð um brunabótamat þessara eigna, sem sýnir heildarmat þeirra kr. 9.701.600.00.

Í málflytningi hefur af hálfu stefnanda verið lögð áherzla á að benda á sönnunarbyrði stefnda um, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að þrotamaður ætti fyrir skuldum, er skuldamálið var höfðað þann 27. janúar 1968, og að honum hafi ekki tekizt að sanna þetta, m. a. bent á óvenjulegar innheimtuaðferðir og óvenjulegan hraða á þeim aðgerðum.

Af stefnda hálfu hefur verið talið, að hann hafi ekki haft ástæðu til þess að halda, að Kaupfélag Austfjarða ætti ekki fyrir skuldum á þessum tíma. Hann hafi einungis viljað tryggja greiðslu á inneign sinni, þegar nokkrir víxlar greiddust ekki á réttum tíma.

Þegar málsatvik, sem lýst hefur verið að framan, eru virt, virðist dómnum, að stefnda hafi ekki tekizt að sanna, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að Kaupfélag Austfjarða ætti fyrir skuldum, þegar hann hóf málssókn sína, sem leiddi til fjárnáms þess, sem krafizt er riftunar á, m. a. vegna þess að hann hefur viðurkennt, að ástæðan til þess, að hann hóf svo öflugar aðgerðir til innheimtu inneignar sinnar, var sú, að kaupfélagsstjórinn tjáði honum, að hann borgaði ekkert fyrst um sinn, þ. e. greiðslur voru stöðvaðar, og að kaupfélagsstjórinn hefur upplýst, að hann gaf öllum skuldheimtumönnum félagsins yfirleitt þau svör, að ekkert yrði greitt fyrst um sinn, enda þótt hann minnist þess ekki sérstaklega í sambandi við stefnda.

Þar sem samkvæmt áðursögðu ber að telja, að 22. gr. laga nr. 25/1929 eigi við fjárnám þetta, og málið er réttilega höfðað sam-

kvæmt 30. gr. sömu laga, sbr. skiptafund stefnanda, ber að dæma málið að efni til og tak aðalkröfu stefnanda til greina, þ. e. að rifta ber gildi fjárnáms þess, sem gert var í eignum Kaupfélags Austfjarða þann 15. og 16. febrúar 1968 til tryggingar kröfum, tildæmdum stefnanda í dómi bæjarþings Seyðisfjarðar þann 27. janúar 1968, og skila uppboðsandvirði hinna fjárumdu muna til stefnanda aftur.

Þá þykir eftir atvikum rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu, og verða málskostnaðarkröfur því ekki teknar til greina.

Dóm þenna kvað upp Axel V. Tulinius lögfræðingur, setudómari í máli þessu samkvæmt skipun dómsmálaráðuneytisins þann 15. maí 1968, en hinn reglulegi dómari vék sæti í málinu með úrskurði sínum þann 14. sama mánaðar.

#### Dómsorð:

Gildi hins umstefnda fjárnáms er rift, og ber að skila stefnanda, þrotabúi Kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, uppboðsandvirði hinna fjárumdu muna.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 6. október 1969.

Nr. 152/1968. **Félagsmálaráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** (Ármann Jónsson hrl.)  
 gegn  
**Ríkisútvarpinu vegna Viðtækjaverzlunar ríkisins** (Guðmundur Skaftason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtak. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1968. Hann krefst þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak í eignum stefnda, Ríkis-